

skriflega, breytir í engu réttarstöðu stefnanda varðandi þetta at-  
riði.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður niðurstaða  
málsins sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda í mál-  
inu.

Eftir þessum úrslitum ber stefnanda að greiða stefnda máls-  
kostnað, sem ákveðst kr. 50.000.

Valtýr Sigurðsson kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Ingvi Þorgeirsson, á að vera sýkn af kröfum stefn-  
anda, Magnúsar Magnússonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 50.000, að við-  
lagðri aðför að lögum.

---

Fimmtudaginn 15. desember 1977.

Nr. 31/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Morten Johannesen**

(Benedikt Blöndal hrl.).

Fiskveiðabrot.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfa-  
son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Svein-  
björnsson og Logi Einarsson.

Háraðsdóm kváðu upp Þorvarður K. Þorsteinsson, bæjar-  
fógeti á Isafirði, og samdómsmennirnir Guðmundur Guð-  
mundsson skipstjóri og Símon Helgason skipstjóri.

Samkvæmt gögnum málsins framkvæmdi Bogi Agnarsson  
stýrimaður einn mælingu yfir togaranum kl. 1117 hinn 30.  
júlí 1976, en aðrar þær mælingar, er í málinu greinir, leystu

af hendi í sameiningu skipherra, stýrimaður og loftskýta-  
maður á gæsluflugvélinni TF SÝR.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skóla-  
stjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjóuppdrátt  
staðarákvarðanir samkvæmt framangreindum mælingum. Í  
greinargerð skólastjórans, dags. 29. júní 1977, segir svo:

„Í kortið hef ég dregið með svörtum lit fiskveiðimörkin  
fyrir friðunarsvæðið í Reykjafjarðarál samkvæmt reglugerð  
sjávarútvegsráðuneytisins frá 19. 03. 76.

Í kortinu eru:

- 1 = staður togarans kl. 11.17 h. 30. 07. 76 samkvæmt mæl-  
ingu flugvélarinnar. Staður 1 mælist um 2,0 sjóm. innan  
fiskveiðimarkanna.
- 2 = staður togarans kl. 11.19 um 1,8 sjóm. innan fiskveiði-  
markanna.
- 3 = staður togarans kl. 11.22 um 1,7 sjóm. innan fiskveiði-  
markanna.

Staðir 2 og 3 falla svo til saman í útsetningu.

- 4 = staður togarans kl. 11.47 um 1,7 sjóm. utan fiskveiði-  
markanna.

Í sama kort hef ég sett út með rauðum lit stað samkv.  
Loran C mælingu skipstjóra togarans kl. 11.22, staður X rétt  
utan við fiskveiðimörkin, um 0,1 sjóm. utan markanna.

Skipstjóri togarans kveðst hafa kastað kl. 10.30, og síðan  
gefur hann upp stefnur og tímam, sem þær voru stýrðar í  
toginu til kl. 11.22, ennfremur toghraðann 4 sjóm. Séu þess-  
ar stefnur og vegalengdir, miðað við 4 sjóm. hraða, settar út  
til baka frá Loran-stað skipstjórans kl. 11.22, fæst staður  
Y kl. 10.30, einnig auðk. með rauðum lit. Staður Y mælist um  
1,4 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Hvað snertin staðfestingar TF SÝR, virðist sem óeðlilega  
mikill munur sé á stöðum 1 og 2 um 0,6 sjóm., þar sem að-  
eins líða 2 mín. milli staðarákvarðana. Hinsvegar munar að-  
eins um 0,1 sjóm. á stöðum 2 og 3, þó þar líði 3 mín. milli  
staðarákvarðana (4 mín. samkv. dagbók flugvélarinnar).  
Rétt er þó að taka fram jafnframt, að fjarlægðirnar frá mæli-  
stöðunum til fiskveiðimarkanna eru það miklar, að þetta

ósamræmi ætti ekki að hafa úrslitaáhrif hvað þær snertir. Við prófun á Ísafirði 31. 07. 76 reyndust Lorannmælingar flugvélarinnar gefa eðlilega útkomu.

Að því er varðar radiómiðun flugvélarinnar af Hornbjargsvita álit ég, að þar sem svo miklu munar á miðunartækjunum, þar sem annað sýnir 250°, en hitt 246°, sé ekki byggjandi á slíkri miðun til staðsetningar með nægjanlegri nákvæmni. Þó jafnframt sé mæld fjarlægð með radar. 4° munur á miðunum í 35 sjóm. fjarlægð gefur 2,4 sjóm. mismun í staðsetningu.“

Í ákæruskjali er vísað til reglugerðar nr. 221/1974 um friðunarsvæði á Strandagrunni. Var hún fallin úr gildi, þegar ákærði var að veiðum þeim, er í ákæruskjali getur, og hafði reglugerð nr. 66/1976 um það efni þá tekið gildi. Jónas Sigurðsson skólastjóri hefur markað á sjóuppdrátt friðunarsvæði á Strandagrunni samkvæmt reglugerð nr. 221/1974, þar sem einnig eru markaðar staðarákvarðanir á grundvelli framangreindra mælinga. Í álitssgerð skólastjórans, dags. 14. desember 1977, greinir, að ákærði hafi verið um 2.7 sjómílar innan fiskveiðimarkanna kl. 1117, ef miðað er við ákvæði reglugerðar nr. 221/1974, um 2.9 sjómílar innan marka kl. 1119, um 3.0 sjómílar kl. 1122 og um 6.7 sjómílar kl. 1147. Ber að meta þá háttsemi, sem ákærði er sakaður um, með tilliti til ákvæða reglugerðar nr. 66/1976, sbr. 3. málsg. 118. gr. laga nr. 74/1974, en mál var flutt í Hæstarétti á grundvelli þeirra.

Það athugast, að í ákæruskjali er getið reglugerðar nr. 229/1976, en á að vera 1975. Er þar bersýnilega um ritvillu að ræða, enda var mál flutt fyrir Hæstarétti á þeim grundvelli, sbr. 3. málsg. 118 gr. laga nr. 74/1974. Þar sem vísað er í ákæruskjali til niðurstöðu viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja frá 20. mars 1976, er nákvæmara að vísa til auglýsingar nr. 9/1976, og var málið flutt fyrir Hæstarétti á þeim grundvelli.

Með sakargögnum er sannað, að ákærði var að fiskveiðum með botnvörpu hinn 30. júlí 1976 innan íslenskrar fiskveiðilögsögu á friðunarsvæði samkvæmt reglugerð nr. 66/1976.

Auglýsing um heimildir Færeyinga til fiskveiða við Ísland nr. 9/1976 kemur ákærða eigi að haldi þegar af því, að í 2. málsgr. 4. liðar hennar segir, að færeysk skip, er veiðar stundi samkvæmt ákvæðum hennar, skuli „hlíta sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, þar á meðal reglum um . . . . friðunarsvæði og öðrum reglum um lokun svæða“. Að svo vöxnu ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hefur gerst sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948, og ber að dæma ákærða refsingu samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976.

Skip það, er ákærði var skipstjóri á, b/v Polarborg I, TG 507, er 351.68 rúmlestir brúttó og 47.13 m að lengd.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 12. desember 1977, jafngilda 100 gullkrónur 11.604.23 krónum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt 2.300.000 krónur til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 5 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra b/v Polarborg I, TG 507, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976, svo og ákvæði um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 75.000 krónur.

Það athugast, að í héraðsdómi láðist að ákveða vararefsingu sektar.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Morten Johannesen, greiði 2.300.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 5 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra b/v Polarborg I, TG 507, skulu óröskuð, svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur sakadóms Ísafjarðar 31. júlí 1976.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru ríkissaksóknara, sem útgefin er í dag, höfðað á hendur Morten Johannesen, Fagrahlíd 3, Þórshöfn, fæddum 17. september 1942 í Skobun í Færeyjum, skipstjóra á skuttogaranum Polarborg I, TG 507, „fyrir að hafa gerst sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1976 (sic), sbr. lög nr. 44/1948, með því laust fyrir hádegi föstudaginn 30. júlí 1976 að vera á botnvörpuveiðum á nefndum togara, sem er 351.68 brúttórúmllestir og 46.13 metrar að lengd, á svæði innan fiskveiðilandhelginnar á Strandagrunni, þar sem bannaðar eru veiðar með öllum veiðarfærum samkvæmt reglugerð um friðunar-svæði á Strandagrunni nr. 221 12. júlí 1974, sbr. 23. gr. i. f. laga nr. 81/1976 og niðurstöðu viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja frá 20. mars 1976 um heimildir Færeyinga til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, tölul. 3, sbr. 2. mgr. 8. liðar.

Þess er krafist, að ákærði Morten Johannesen verði dæmdur til refsingar samkvæmt 2. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. nefndra laga nr. 81/1976, til að sæta upptöku á öllum veiðarfærum í skipinu, þar með taldir dragstrengir, svo og á öllum afla innanborðs samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 30. júlí sl., kl. 1100 var landhelgisgæsluflugvélin TF SÝR á eftirlitsflugi á Húnaflóa og kom þar að færeyska togaranum Polarborg I, TG 507, er virtist að veiðum á friðuðu svæði NA af Horni. Skipherra á TF SÝR var Bjarni Ó. Helgason, Arahólum 4, Reykjavík. Segir hann í skýrslu sinni um afskipti landhelgisgæslumanna af togaranum á þessa leið: „Kl. 11.17 er flogið yfir togarann, sem reyndist vera Polarborg I, TG-507, og var hann að toga með skutvörpu í sjó.

Togaði hann í NV-læga stefnu og hafði svo verið, meðan á aðflugi stóð.

Samtímis er gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum:

Sl 3 z 62668

Sl 3 y 46953

Þetta gefur stað togarans um 2 sml. inn á alfriðuðu svæði fyrir togveiðum.

Kl. 11.19 er staðarákvörðun endurtekin yfir togaranum:

Sl 3 z 62670

Sl 3 y 46948

Þetta gefur stað togarans um 1.8 inn á friðaða svæðinu.

Kl. 11.22 er staðarákvörðun enn gerð yfir togaranum:

Sl 3 z 62669

Sl 3 y 46948

Þetta gefur stað togarans um 1.8 sml. inn á friðaða svæðinu.

Um það bil er þessi staðarákvörðun var gerð, sást, að togarinn hafði beygt meira til norðurs. Var nú haft samband við skipstjóra togarans og honum tjáð, að hann væri að veiðum inn á friðuðu svæði. Hann kveðst telja sig um 1.2 sml. utan svæðisins, og voru bornar saman lorantölur togarans og flugvélarinnar. Reyndist vera munur á þeim.

Kl. 11.47 er enn gerð staðarákvörðun yfir togaranum:

Sl 3 z 62652

Sl 3 y 36927

Þetta gefur stað togarans um 1.8 sml. utan markanna.

Haft var samband við stjórnstöð Landhelgisgæslunnar, og eftir fyrirmælum þaðan var togaranum tilkynnt að halda til Ísafjarðar til rannsóknar á máli hans. Um kl. 12.00 sést, að togarinn hefir lokið við að innbyrða vörpuna og hefir sett á ferð áleiðis til Ísafjarðar. Mælingar voru gerðar á Loran C af loftskeytamanni og stýrimanni undir umsjón skipherra.“

Þjarni Ólafur Helgason kom fyrir sakadóm Ísafjarðar vegna máls þessa, og staðfesti hann skýrslu sína. Kvað vitnið skýrsluna rétta og gerða eftir bestu vitund, og vann það eið að framburði sínum. Vitnið kvað TF Sýr hafa lagt upp í eftirlitsflug kl. 0400 þann 30. júlí sl. og hafi verið flogið austur og norður um land, lent á Akureyri, og þaðan var lagt upp aftur kl. 1030 og flogið út Eyjafjörð um Skagagrunn og vestur Húnaflóa. Vitnið kveður skyggni hafa verið gott og sést hafi til togarans úr 20 sjómílna fjarlægð, en gæsluvélin var þá stödd út af Reykjafjarðarál. Togarinn var að toga með skutvörpu í sjó og togaði í NV-læga stefnu

og var einskipa. Vitnið kveður, að einnig hafi verið tekin radar-fjarlægð í Horn svo og radiómiðun, en vitnið telur hvorugt hafa aukið nákvæmni staðsetningar Polarborg I, TG 507. Vitnið kveður næsta varðskip hafa verið statt í u. þ. b. 6 tíma fjarlægð, en ekki verið möguleiki vegna flugþols TF SÝR að bíða þess, að varðskip kæmi á vettvang.

Einnig kom fyrir dóm Bogi Agnarsson, stýrimaður á TF SÝR, til heimilis að Ásvallagötu 25, Reykjavík. Vitnið staðfesti skýrslu skipherra og taldi hana rétta.

Vitnið kveðst hafa séð til togarans í radar í u. þ. b. 22ja sjómílna fjarlægð. Vitnið kveðst eitt hafa gert fyrstu staðarákvörðun kl. 1117, en aðrar staðarákvarðanir hafi vitnið gert ásamt loftskeytamanni og skipherra. Vitnið kveðst hafa sannreynt loran-tæki TF SÝR í mynni Eyjafjarðar og telji vitnið því staðarákvörðunartæki flugvélarinnar hafa verið í fullkomnu lagi.

Enn fremur mætti fyrir dómi Þórður Þórðarson, Vesturbergi 50, Reykjavík, loftskeytamaður á flugvélinni TF SÝR. Vitnið staðfesti skýrslu skipherra og taldi hana rétta.

Vitnið kveðst ekki hafa verið viðstatt fyrsta aflestur af loran-tækinu, en það hafi verið viðstatt hina, er í skýrslu skipherra greinir. Vitnið kveðst hafa haft samband við stjórnstöð Landhelgisgæslunnar varðandi meint fiskveiðabrot togarans Polarborg I, en stjórnstöðinni hafi hins vegar ekki verið sérstaklega tilkynnt um, að skipstjóri togarans vefengdi mælingar landhelgisgæsluflugvélarinnar.

Þá kom fyrir dóm Sigurjón Sverrisson, aðstoðarflugmaður á TF SÝR, til heimilis að Njörvasundi 34, Reykjavík.

Vitnið kveður flugmenn gæsluvélarinnar hafa gert mælingu í Horn kl. 1119, sbr. dskj. nr. 5, með sjálfvirku stefnumiðunartæki eftir seguláttum. Hafi mælingin verið gerð, þegar flugvél in var yfir togaranum og hafi ADF I tæki vélarinnar miðað 250 gráður og ADF II 246 gráður. Flugmennirnir hafi síðan dregið millitölu út frá þessum tveimur tölum, eða 248 gráður misvísandi. Vitnið kvað mælingu þessa ónákvæma.

Vitnið Leivur Jarnfoss, vélstjóri á Polarborg I, til heimilis að Dalagötu 3, Þórshöfn, kom fyrir sakadóm í máli þessu.

Vitnið var statt uppi á dekki, þegar flugvél Landhelgisgæslunnar byrjaði að sveima yfir togaranum. Vitnið telur, að ganghraði skipsins hafi ekki verið aukinn, eftir að sást til flugvélarinnar, heldur hafi toghraðinn alltaf verið sá sami, eða um 4 mílur.

Ofangreind vitni unnu eið að framburðum sínum.

Ákærði, Morten Johannesen, skipstjóri á togaranum Polarborg I, TG 507, til heimilis að Fagrahlíd 3, Þórshöfn, kom fyrir saka-dóm í máli þessu.

Ákærði segir, að togarinn hafi hafið siglingu af Skagabankanum kl. 0800 föstudaginn 30. júlí sl. Fyrst hafi verið kastað á Hornbankanum kl. 1030 og þá miðað í Horn réttvísandi 228 gráður í radar og togað síðan réttvísandi 240 gráður í 15 mínútur. Þá hafi verið breytt um stefnu í 270 gráður í 15 mínútur og síðan breytt í 290 gráður og þeirri stefnu haldið áfram, allt þangað til varpan var dregin upp, eftir að landhelgisgæslumenn báðu hann að sigla til Ísafjarðar.

Ákærði segist ekki hafa gert sér grein fyrir því fyrst í stað, að það væri landhelgisgæsluflugvél, sem væri yfir skipinu, og hafi hann ekki fylgst með ferðum flugvélarinnar, þar sem hann taldi sig vera vestan friðunarlínunnar. U. þ. b. 5 mínútum eftir að flugvélin hafi farið að sveima yfir togaranum, hafi hann gert loranmælingu SI 3 y 46937 og SI 3 z 62659. Kveðst ákærði aðeins hafa gefið flugvélinni upp þessa einu staðarákvörðun. Ákærði kveður engan fisk hafa verið að fá á þessum slóðum og telji, að um 3—4 tonn af þorski séu um borð.

Ákærði segist hafa togað með botnvörpu í umrætt sinn og telur, að toghraði skipsins hafi verið um 4 sjómílur. Hafi hann verið einn í brúnni, þegar flugvélin var yfir skipinu.

Ákærði segir, að auk þess að gera staðarákvörðun með loran C hafi hann gert radarmiðun og enn fremur hafi dýptarmælirinn sýnt 54 faðma, er trollið fór niður, og 61 faðm, er flugvélin fór yfir. Landhelgisgæslan hafi hins vegar ekki bent honum á að gera staðarákvörðun með öðrum tækjum en loran C, þegar ljóst var, að staðarákvörðun ákærða bar ekki saman við staðarákvarðanir Landhelgisgæslunnar.

Dómurinn kvaddi Odd Friðriksson rafvirkjameistara, Smiðju-götu 11 A, Ísafirði, til að gera könnun og samanburð á lorantækjum um borð í togaranum Polarborg I, TG 507, svo og lorantækjum um borð í landhelgisgæsluflugvélinni TF SÝR.

Í skýrslu Odds Friðrikssonar, sem dagsett er 31. júlí 1976, segir: „Að beiðni bæjarfógetans á Ísafirði fór ég undirritaður um borð í b/v POLARBORG I ásamt loftskeytamanni landhelgisgæslunnar og stýrimanni Polarborg I til þess að athuga Loran C, sem er staðarákvörðunar- og siglingatæki.

Við athugun kom í ljós, að Loraninn virtist í lagi og réttur mið-

að við stað skipsins við hafnarkant á Ísafirði. Loraninn sýndi 46445.70 og 62924.57.

Til samanburðar fórum við um borð í b/v Guðbjart Ís, sem lá á sama stað, og Loraninn þar sýndi 46446.6 og 62924.4.

Í framhaldi af þessu fórum við um borð í flugvél Landhelgisgæslunnar TF SÝR. Flogið var fjórum sinnum yfir togarann POLARBORG I og staðarákvarðanir teknar á Loran C, og reyndust þær vera:

I. 46445.6 og 62925.1

II. 46445.0 og 62925.0

Þessar athuganir gerði undirritaður ásamt siglingafræðingi flugvélarinnar og stýrimanni á b/v POLARBORG I.“

Samkvæmt eiðfestum framburðum þriggja áhafnar meðlima TF SÝR voru gerðar 4 staðarákvarðanir yfir togaranum Polarborg I, TG 507, á tímabilinu frá kl. 1117 — kl. 1147 þann 30. júlí sl., og sýndu þær togarann frá um 2 sjómílu inni á friðuðu svæði til um 1.8 sjómílu fyrir utan mörkin. Togarinn sást að veiðum, og hefur ákærði viðurkennt að hafa verið að togveiðum í ofangreint skipti. Hins vegar telur hann sig hafa verið á veiðum fyrir utan mörkin, nokkru vestar en mælingar Landhelgisgæslunnar gefa til kynna. Gegn framburði ákærða, sem var einn í brúnni í umrætt skipti, þykir bera að leggja mælingar Landhelgisgæslunnar til grundvallar í máli þessu.

Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948, með því að vera að botnvörpuveiðum á alfriðuðu svæði í Reykja-fjarðarál samkvæmt reglugerð nr. 66/1976, sbr. 23. gr. i. f. laga nr. 81/1976, og niðurstöðu viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja frá 20. mars 1976, 3. tölul., sbr. 2. mgr. 4. liðar.

Í ákæru er m. a. ákært samkvæmt reglugerð nr. 221 frá 12. júlí 1974 um friðunarsvæði á Strandagrunni. Sú reglugerð var úr gildi felld með reglugerð nr. 300 frá 3. október 1974 og kemur því ekki til áлита.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 30. júlí sl., jafngilda nú 100 gullkrónur 10.104.44 krónum. Stærð Polarborg I, TG 507, er 351 smálest og lengd 155 fet.

Þykir ákærði hafa unnið til refsingar samkvæmt 2. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976.

Ákærði hefur aldrei fyrr sætt kærur og refsingum, svo kunnugt sé.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af stærð skipsins og gullgengi íslenskrar krónu ákveðin 1.600.000 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 ber einnig að gera afla og veiðarfæri Polarborg I, TG 507, upptæk til handa Landhelgissjóði.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Haralds Blöndals, krónur 100.000.

Dómsorð:

Ákærði, Morten Johannesen, greiði kr. 1.600.000 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Afli og veiðarfæri b/v Polarborg I, TG 507, eru gerð upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Haralds Blöndals, kr. 100.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---